

193

20. okt.

Allir liðsmenn skulu, er þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða og tal, gera sér sérstaklega far um að taka öllu með gætni og stillingu og vera fljótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

24. gr.

25. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við, að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti brunamálareglugerð þessari, vanda um við þá, er gera sig seka í því, og, ef þeir hlýða ekki aðvörum þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt, sem unnt er.

Engin forföll liðsmanna eru tekin gild, nema veikindi eða fjarvera úr kaup-túninu.

VIII. KAFLI Sektarákvæði.

26. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki 5—1000 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð Hrófbergshrepps.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Hrófbergshrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85 22. nóv. 1907, til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. október 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

194

23. okt.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð 9. september 1939, um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum.

1. gr.

Tvær fyrstu málsg. 12. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Eigi má selja út á seðil eftir að mánuður sá, er seðillinn er fyrir, er á enda.

Hinn 1. dag hvers mánaðar skulu smásöluverzlanir (og brauðgerðarhús) afhenda hreppsnefndum og bæjarstjórnnum þá skömmtunarseðla, er þeir hafa fengið fyrir seldar skömmtunarvörur í næsta mánuði á undan, og fá í staðinn vottorð um það hve miklu þær hafa skilað.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, og birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Í ríkisstjórn Íslands, 23. október 1939.

**Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
Jakob Möller. Hermann Jónasson.**